

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um tíundarfrelsi jarða.* —

91  
18. apríl.

Í þóknanlegu brjefi 12. p. m. sögðu stiptsyfirvöldin mér álit sitt um brjef prestsins í Hítarnesþingum síra Snorra Norðfjörðs, þar sem hann í tilefni af hinum nýju skattalögum spurð fyrir um, hvort honum og hlutaðeigandi kirkju beri að gjöra tilkall til tíundar af nokkrum jörðum í prestakallinu, er áður hafi verið undanþegnar gjaldi til prests og kirkju, og ef svo sje, af hverjum beri að krefjast gjaldsins.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að jeg er yður samdóma um, að skattalögin frá 14. desbr. 1877 gjöri enga breytingu á tíundarfrelsi einstakra jarða gagnvart presti og kirkju.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um Hörgslands og Kaldaðarness spítala jarðir.* — Með þóknanlegu brjefi frá í-gær hafið þjer, herra amtmaður, endursent mér beiðni hins setta umboðsmanns Kirkjubæjar og Þykkvabæjarklausturs Ólafs Pálssonar á Höfðabrekku og álit sýslumannsins í Skaptafellsýslu viðvíkjandi því, hvort Ólafi verði leyft að halda byggingarráðum yfir spítalajörðunni Hörgslandi, þó að hann sjálfur búi á Höfðabrekku. Leggið þjer til, að beiðni þessi verði ekki tekin til greina, en að gjörð verði ráðstöfun til, að jörð þessi verði byggð á sama hátt og aðrar umboðsjarðir, og þannig að gjörð verði ný ákvörðun um byggingarskilmálana, eptir að nákvæmra skýringa þar um hefir verið leitað.

92  
18. apríl.

Fyrir því vil jeg, með því að jeg er yður, herra amtmaður, samdóma um, að það megí ekki láta mann, er býr í mikilli fjarlægð frá jörð, er landsjóðurinn á, halda áfram að vera leiguliða á henni, — hjer með þjónustusamlega skora á yður að gjöra ráðstöfun til, að Ólafi Pálssyni verði byggt út af jörðunni Hörgslandi frá fardögum 1880, svo og að leita nauðsynlegra skýringa og tillaga um ástand nefndrar spítalajarðar og leigumála þann, er hún verður sanngjarnlega byggð með, allt samkvæmt hinum almennu reglum, sem settar eru í brjefi mínu frá 19. septbr. 1877 (stjórnartíð. B 112) um byggingu og ábúð þjóðjarða, og bið jeg mér síðan send skjöl þessi með ummælum hlutaðeigandi sveitarstjórnarvalda.

Á meðan að leiguliði Hörgslands er settur umboðsmaður Kirkju- og Þykkvabæjarklaustursumboðs skal umsjónin með umboðsjörðinni Hörgslandi falin sýslumanninum í Skaptafellsýslu, og eruð þjer beðnir að skipa honum hið nauðsynlega í þessu tilliti.

Með því að jeg heldur ekki hefí meðtekið hinar áminnztu skýrslur og tillögur með tilliti til spítalajarðarinnar Kaldaðarness í Árnessýslu, vil jeg skora á yður, herra amtmaður, að útvega skýrslur þessar og senda mér þær. Sýslumanninum í Árnessýslu ber sömuleiðis að takast á hendur fyrst um sinn umsjónina með jörð þessari eptir nánari skipun yðar, herra amtmaður.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu um lögtaks- skipun.* — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 10. febr. p. á. hafði endurfengið umkvörtun þá, er jeg sendi yður 4. júní f. á., og þar sem oddviti hreppsnefndarinnar í Hrafnagilshreppi ber sig upp undan því, að sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hafi neitað um samþykki sitt til þess, að taka lögtaki 6 kr., sem voru gjörðar Jóhannesi kandidat Halldórssyni í fátækraútsvar í nefndum hreppi, vil jeg hjer

93  
9. júní.

Hinn 19. september 1879.

**93** með þjónustusamlega tjá yður, herra amtmaður, hið eptirfylgjanda til þóknanlegrar leið-  
9. júní. beiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda.

Sýslumaðurinn hefir byggt neitun sína á því, að ágreiningur er orðinn um það, hvort Jóh. kandidat Halldórsson búi á lóð Akureyrarkaupstaðar, eða Hrafnagilshrepps, og að amtið hafi ákveðið, að hann skuli álitast sem búsettur á Akureyri, þangað til þessi spurning er útkljáð. En með því að 1. gr. opins brjefs frá 2. apríl 1841 skipar, að öll sveitargjöld, sem annaðhvort eru beinlínis tiltekin í lögum eða ákveðin í niðurföfnun, sem á þeim er byggð, megi takast tögtaki, og þar sem taka skal samkvæmt 2. gr. opna brjefsins skírurum orðum fram í lögtaksskipuninni, að lögtakið sje gjört á ábyrgð þess sem um það biður, og með því enn fremur 5. gr. ákveður, að ef sá sem fyrir lögtaki hefir orðið, hafi nokkur mótmæli gegn kröfunni, eigi hann rjett á að lögsækja lögtakskrefjanda til tilhlýðilegra skaðabóta. — fæ jeg ekki sjeð, að sýslumaður hafi rjett fyrir sjer í því, að neita um lögtaksskipun, ef hreppsnefndin heldur beiðni sinni þar um, eptir að henni hefir verið bent á ágreining þann, sem á sjer stað um það, hvort skuldin sje rjett, og þá skaðabótaábyrgð, sem nefndin, ef til vill, getur bakað sjer með því að heimta, að lögtakið samt fari fram.

**94** — *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir nordur- og austurumdæminu um*  
9. júní. *skaðabætur handa vesturförum.* — Með brjefi yðar, herra amtmaður, frá 27. febr. þ. á. hefi jeg meðtekið ítarlegar skýrslur viðvíkjandi kröfum verzlunarstjóra Eggerts Laxdals, um skaðabætur handa vesturförum nokkrum, er 12. júlí 1878 fluttust frá Akureyri, eptir að hafa beiði þar frá 29. júní s. á. eptir gufuskipi því, er átti að sækja þá. Af skýrslum þessum sjest, að vesturfarar höfðu engan skriflegan samning gjört við hlutadeigandi útflutningsstjóra, eða umboðsmann hans, áður en flutningurinn fór fram 12. júlí þ. á., og er ekkert komið fram, sem veikir framburð hlutadeiganda útflutningsstjóra um það, að hann, þegar hann munnlega samdi við þá um flutninginn og meðtók af þeim innskríptargjöld, ekki hafi tiltekið neinn vissan dag, er flutningsskipið ætti að koma, en að eins lofað því í 11. eða 12. viku sumars, eða frá 12.—20. júlí, ef ís ekki hamlaði því eða önnur forföll, þau er flutningsfjelaginu væru ósjálfráð. Hinn 16. júní tilkynnti útflutningastjórinn vesturförunum, að skipið myndi koma 29. júní, en þegar hann 1. júlí fjekk vitneskju um, að skipið hefði orðið fyrir slysi, er hamlaði því frá að koma, og tilkynnti útflutningnum þetta, af rjeðu þeir sjálfir að biða eptir skipinu, og þegar skipið loksins kom 14 dögum síðar, keyptu þeir þrátt fyrir það, að þeim var neitað um borgun á skaðabótum fyrir töf þá, er orðið hafði, allir farbrjef með því.

Eptir því, sem þannig hefir komið fram, verð jeg að vera yður, herra amtmaður, og bæjarfógetanum á Akureyri samdóma um, að hlutadeigandi útflutningsfjelag hafi ekki brotið svo á móti skuldbindingum þeim, er það eða umboðsmenn þess höfðu tekizt á hendur gagnvart hlutadeigandi vesturförum, að nægileg heimild sje til þess að úrskurða þeim skaðabætur. Hið eina, sem vesturfararnir hefðu getað krafizt, virðist að hafa verið endurgjald á innskríptargjaldi því, er þeir höfðu borgað, ef þeir þá um leið hefðu hætt við ferðina. En þegar þeir sjálfir tóku það ráð að biða eptir flutningsskipinu og síðan bæta upp innskríptargjald sitt með því, sem vantaði af fargjaldinu, án þess að draga nokkuð frá fyrir biðina, er þeir höfðu orðið fyrir, virðast þeir þarmed sjálfir að hafa kvittað fjelagið fyrir öllum skaðabótakröfum. Hinn munnlegi samningur um flutninginn virðist ekki að hafa verið öðruvísi en, að fjelagið hefði verið laust allra mála með því að borga